



52. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 3. maí 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Soffía Gísladóttir, Guðjón M. Ólafsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður hóf fundinn á að fagna fyrsta fundi nýrrar stjórnar í samræmi við breytingar sem voru gerðar á samþykktum SSNE á ársþingi í apríl og bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa.

1. Fundaáætlun stjórnar 2023

Lögð fram áætlun um fundi stjórnar á árinu 2023. Rætt sérstaklega um tímasetningu haustþings.

Stjórn samþykkir framlagða áætlun og samþykkir að haustþing SSNE verði haldið rafrænt 6. október næstkomandi.

2. Skipan í stjórn Vistorku

Aðalfundur Vistorku verður haldinn föstudaginn 12. maí næstkomandi. SSNE á fulltrúa í stjórn og er lagt til að framkvæmdastjóri verði áfram fulltrúi SSNE í stjórninni.

Stjórn samþykkir að Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE verði fulltrúi SSNE í stjórn Vistorku.

3. Skipan í stjórn Þekkingarvarða

Aðalfundur í stjórn Þekkingarvarða var haldinn 28. apríl s.l. og var Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri skipuð áfram í stjórn í samræmi við fyrri afgreiðslu stjórnar í tölvupósti. Rögnvaldur Guðmundsson verkefnastjóri var skipaður áfram varafulltrúi í stjórninni

Stjórn staðfestir skipanina.

4. Líforkuver í Eyjafirði – staða verkefnisins

Til fundarins mættu Kristín Helga Schiöth og Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjórar SSNE, auk Karl Karlsson og Kötlu Eiríksdóttur og kynntu stöðu undirbúnings við stofnun Líforkuvers í Eyjafirði.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

5. Áhersluverkefni til fleiri ára

Framkvæmdastjóri ræddi mögulega kosti þess að einhver áhersluverkefni Sóknaráætlunar verði ákveðin til meira en eins árs. Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins undir þessum lið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og leggja fram tillögu á næsta stjórnarfund.

6. Drög að samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra

Lögð fram drög að samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra sem starfshópur SSNE hefur verið með í vinnslu. Einnig lögð fram drög að greiningu RHA á stöðu innviða í landshlutanum. Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins undir þessum lið.

Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram í samræmi við umræður á fundinum og senda þau út til sveitarstjórna í framhaldinu til kynningar.

7. Fundargerðir fagráða

a. [Fundur fagráðs menningarmála frá 9. mars 2023](#)

i. Ábendingar til stjórnar frá fagráði menningarmála:

„Fagráð menningar hvetur stjórn til að skoða hvort skilgreina megi ákveðið fjármagn til tveggja ára verkefna, þá með fyrirvara um fjármögnun Sóknaráætlunar, til handa verkefnum sem þurfa ákveðin tíma og stöðugleika til að komast á legg. Skilgreining slíkra verkefna gæti verið samfélagsleg verkefni sem ekki eru lögbundin. Fordæmi fyrir áhersluverkefnum til tveggja ára eða fleiri megi finna hjá öðrum landshlutasamtökum svo sem SSNV og SASS.“

Stjórn þakkar fyrir ábendinguna.

ii. Fagráð menningar hvetur stjórn SSNE að skoða flokka Sóknaráætlunar fyrir mótun þeirrar næstu, með tilliti til þess hvort markmið og verkefni/aðgerðir á borð við ungmennaping og fjölmeningarráð ættu að eiga sess í sér flokki sem gengi þvert á eðli allra flokka, mögulega einhvers konar samfélagsflokki.

Stjórn þakkar fyrir ábendinguna og hvetur fagráð SSNE sérstaklega til að taka virkan þátt í undirbúningi og umræðu um nýja sóknaráætlun þegar sú vinna fer í gang í lok árs.

b. [Fundur fagráðs atvinnu og nýsköpunar frá 10. mars 2023.](#)

c. [Fundur fagráðs umhverfismála frá 25. apríl 2023.](#)

8. Mál til umsagnar

a. [Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð, 941. mál.](#)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögn um frumvarpið og senda á stjórnina til samþykktar í tölvupósti.

- b. [Þingsályktun um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.](#)
- c. [Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða \(veiðistjórn grásleppu\), 976. mál.](#)

9. Mál til kynningar

- a. [Þinggerð ársþings SSNE 2023.](#)
- b. [Fundargerð 88. fundar stýrihóps um byggðamál.](#)
- c. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. [922](#), [923](#) og [924](#).

10. Önnur mál

- a. *Vindorkuferð til Noregs*
Sigurður Þór Guðmundsson sagði frá heimsókn til Noregs þar sem hann og fleiri Íslendingar kynntu sér málefni vindorku þar í landi.

Ragnheiður Jóna vék af fundi kl. 15:05.

- b. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra*
Framkvæmdastjóri greindi frá þeim málum sem hafa verið efst á baugi frá síðasta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 15:32.